

Ed.

70. Frumvarp til laga

[64. mál]

um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi.

Flm.: Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leita eftir kaupum á síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvarinnar hf. á Þórshöfn á Langanesi.

2. gr.

Takist kaupin skal Síldarverksmiðjum ríkisins falin umsjá með verksmiðjunni, og það með að hefjast þegar handa um að fullgera verksmiðjuna og búa hana nauðsynlegum tækjum til þess að hún geti hafið loðnuvinnslu þegar á næsta hausti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsvarsmanna Þórshafnarbúa, hreppsnefndar allrar, atvinnumálanefndar, verkalyðsfélagsins og Hraðfrystistöðvarinnar frá s. l. vetri. Það var flutt í efri deild á s. l. vori en þá víðraði ekki til afgreiðslu málsins.

Kærara hefði flutningsmanni verið að flytja frumvarp er að því lyti að Þórshafnarbúum yrði séð fyrir því fjármagni, sem til þyrfti að koma síldarverksmiðju sinni í lag og reka hana af eigin rammleik, slíkt gróðafyrirtæki sem þorpinu væri þar búið með tiltölulega litlum kostnaði. Þörf fyrir bráða lausn á aðkallandi efnahagsvanda Þórshafnarbúa er hins vegar svo brýn og aðkallandi, að sú tilhögun verður nú að biða. Því er á það ráð brugðið hér, sem næstbest má kalla, að reyna að knýja það fram, að ríkisvaldið taki að sér að koma verksmiðjunni í gang og reka hana svo að Þórshafnarbúar þurfi ekki að horfa upp á það lengur að loðnuveiðiflotinn sigli fullfermdur þvert fyrir hafnarkjaft þeirra, norðan með sumarloðnuna, en sunnan með vetrarloðnuna, og heyra svo af því í útvarpi og sjónvarpi að norsk bræðsluskip taki á móti tugum þúsunda lesta af þessum dýr- mæta fiski til vinnslu, en skipsleigan afsökuð með því að skortur sé á loðnu- bræðslum í landinu.

Er hitt þá enn ótalið fram í máli þessu, með hvaða hætti ríkisvaldið stendur í óbættri sök við Þórshafnarbúa fyrir óhæfilega framkomu gagnvart sameignar- fyrirtæki þeirra, Hraðfrystistöðinni hf.

Er Þórshafnarbúar höfðu komið sér upp fyrrgreindu hraðfrystihúsi af full- komnustu gerð á valdatíma vinstri stjórnarinnar, var svo komið að fiskimiðin í Þistilfirði höfðu verið uppurin af ágangi erlendra togara undir lok landhelgis- stríðsins. Var ljóst að hráefnið yrði ekki tryggt til þessa nýja húss, fremur en annarra frystihúsa, með öðru móti en því, að útvegaður yrði skuttogari til að annast aðföngin. Nú var því aftur á móti borið við af hálfu síðustu ríkisstjórnar, að alls ekki yrði leyfð smíði á fleiri skuttogurum, og Þórshafnarbúum fenginn í hendur gamall togari og úr sér genginn. Rekstur hans hefur gengið með líkindum, viðgerðarkostnaður orðið óhemjulegur og taðir frá veiðum lengri en úthaldstíminn, sem aftur hefur leitt til þess, að hráefni hefur skort til Hraðfrystistöðvarinnar, atvinnuleysi ríkt langtímum saman í plássinu og framleiðslufyrirtæki fólksins slig- ast efnahagslega.

Þórshöfn er þannig í sveit sett, með frjótt og víðlent hérað Þistilfjarðar að baklandi, að þar má efla útgerð og annan atvinnurekstur svo að hvort styðji annað til þroska, þorp og sveit. Svo bar til, að öllum byggðarlögum á Norðurlandi eystra varð þetta pláss harðast úti við þau veðrabrigði sem urðu við tilkomu síðustu íhaldsstjórnar, og nú er nauðsyn að gera þá ráðstöfun, er frumvarp þetta hnigur að, í því skyni að Þórshafnarbúar fái nýtt sér þann pólitíska bata, sem orðið hefur á landinu.